

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi – Miðhúsabraut - Súluvegur.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. janúar 2014 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Miðhúsabraut - Súluveg.

Breytingin felur í sér breytt nýtingarhlutfall á lóð nr. 2 við Súluveg.

Breyting á deiliskipulagi – Borgargil 1.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. janúar 2014 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Borgarbraut 1.

Breytingin felur í sér minnkun lóðar við Borgargil 1.

Breyting á deiliskipulagi – Lyngholt - Stórholt.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. janúar 2014 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Lyngholt - Stórholt.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits við Lyngholt 7.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 28. janúar 2014,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.